

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490/I494.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	15.500,00 kr./ári
Orkugjald	3,46 kr./kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	20,00 kr./m ³
Rúmmetragjald m.v. 70°C	15,00 kr./m ³

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV. um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499/I495.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	15.500,00 kr./ári
Orkugjald	3,46 kr./kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	20,00 kr./m ³
Rúmmetragjald m.v. 70°C	15,00 kr./m ³

I490 Vatnsmagn á Reykhólum.

Rúmmetragjald	106,60 kr./m ³
Fastagjald	15.500,00 kr./ári

I498 Vatnsmagn á Reykhólum til sundlauga og gróðurhúsa.

Rúmmetragjald	35,50 kr./m ³
Fastagjald	15.500,00 kr./ári

Orka H498.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð.

Fastagjald	155.000,00 kr./ári
Orkugjald	2,08 kr./kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	12,00 kr./m ³

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 1.000,00.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 4.000,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66, 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. október 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 429, 16. júní 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. september 2000.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.